

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Í Héraðsflóa, frá og með 5. september 1990 til og með 31. desember 1990, frá línu réttvísandi austnórðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnórðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990, utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

Nr. 354

REGLUGERÐ

17. júlí 1990

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl., nr. 645/1989.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr töluliður, 8, sem orðist svo: 8. Nýskráning eldri skipa, styttri en 6 metrar mælt milli stafna, kr. 17 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 51/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.